



Stjórn SSH 348. fundur

Mánudaginn 29. mars 2010 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Óskar Bergsson, Lúðvík Geirsson, Ómar Stefánsson, Ásgerður Halldórsdóttir og Pálmi Músson.

Sigurbjörn Hjaltason var fjarverandi.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Tilfærsla á þjónustu við fatlaða

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra vegna funda samráðshóps forstöðumanna velferðarsviða aðildarsveitarfélaganna sem samþykkt var að skipa á síðasta stjórnarfundinum vegna undirbúnings að tilfærslu á þjónustu við fatlaða til sveitarfélaganna.

Umræður – m.a. upplýst að Reykjavíkurborg undirbýr nú yfirtöku á þeim verkefnum sem svæðisskrifstofan í Rvk. hefur annast, og að viðræður hafa átt sér stað milli Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar vegna mögulegs samstarfs þessara sveitarfélaga.

Niðurstaða:

Samþykkt að aðildarsveitarfélögin, að Reykjavík undarskilinni vinni áfram að sameiginlegum undirbúningi.

2. Málefni Ísaksskóla – greiðslur vegna utansveitarnemenda í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra með samantekt um núverandi stöðu sbr. bókun á síðasta stjórnarfundinum.

Umræður

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að setja fram tillögu að afgreiðslu máls í samræmi við umræður á fundinum fyrir næsta stjórnarfund.



3. Efling sveitarstjórnarstigsins – sameining sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra sbr. bókun á síðasta stjórnarfund.

Umræður

Niðurstaða:

- a) Samþykkt að tilnefna stjórnarformann og framkvæmdastjóra sem tengiliði við nefnd um eflingu sveitarstjórnarstigsins sem nú vinnur að skoðun á sameiningarkostum sveitarfélaga á landsvísi
- b) Strax eftir sveitarstjórnarkosningar í vor verði tekin ákvörðun um hvort skipuð verði sérstök verkefnisstjórn sem hafi það verkefni að fara ítarlega yfir mögulegan ávinning af sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

4. Skógræktarfélag Íslands

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra vegna samskipta Skógræktarfélag Íslands og SSH varðandi mótun legu Græna trefilsins og Græna stígsins og kostnað vegna verkefnisins

Umræður

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að ræða frekar við Skógræktarfélagið um meðferð áfallins kostnaðar og fyrirkomulag á samstarfi aðila um verkefnið héðan í frá.

5. Þjóðfundur á höfuðborgarsvæðinu

Framkvæmdastjóri kynnti frumsamantekt á niðurstöðum úr vinnu „Þjóðfundar á höfuðborgarsvæðinu“ sem fram fór 20. mars sl. í Rimaskóla. jafnframt var upplýst að framundan er vinna við greiningu og mat á þeim hugmyndum sem þar komu fram, og verða niðurstöður sendar sveitarstjórnunum þegar þeirri vinnu er lokið.

6. Önnur mál.

- a) Meðferð stöðvunarbrota – staða og úrvinnsla máls
Framkvæmdastjóri upplýsti að búið væri að ganga frá tillögu að samræmdri gjaldskrá á vegum Samgögnuráðuneytis sem væntanlega færi í auglýsingu innan tíðar.
- b) Gjaldskrá Sorpu bs. vegna móttöku á garðaúrgangi.
Fyrir lá fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá því í dag þar sem fram kemur að stjórn byggðasamlagsins ákvað að fresta áður ákveðinni gjalddöku vegna móttöku á garðaúrgangi.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55